

Mál nr. 187/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksters

Vinnuslys, þegar brettaskífa í slípurokki brotnaði, þann 24.04. 2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24.10. 2005, ásamt fylgiskjöllum þ. á m. skýrslu lögreglu.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.11. 2005, ásamt afriti af bréfi félagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna, dags. 02.09. 2005, tölvupósti félagsins til lögmanns M, dags. 12.08. 2005, tölvupóstsamskipti félagsins og vátryggingartaka 07.06. 2004, tjónstilkynningu, dags. 10.05. 2004, tilkynningu vátryggingartaka, dags. 03.05. 2004, tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 29.04. 2004.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 708/2003.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M vann ásamt fleirum við niðurrif á hluta skólabyggingar. Hann var að skera í sundur vatnsrör og loftræstistokk með slípirokki. Skyndilega skaust slípirokkurinn upp og í andlit M þannig að meiðsl hlutust af.

M telur að slípirokkurinn hafi festið og síðan losnað og þá hafi hann misst takið á rokknum með fyrrgreindum afleiðingum. Hann telur að vinnuveitandi sinn hafi vanrækt tilkynningarskyldu til Vinnueftirlits ríkisins. Vinnuveitandinn hafi tilkynnt slysið til lögreglu tæpri viku eftir slysið. M telur að vinnuveitandinn/vátryggingartaki eigi að bera hallann af því. Máli sýnu til stuðnings vísar M til dóms Hæstaréttar í málum nr. 154/2000 og 282/1991. M vekur athygli á því m.a. að handfang hafi vantað á slípirokkinn en handfangið hafi þann tilgang að hafa meiri stjórn á rokknum. M missti vald á rokknum og e.t.v. vegna þess að handfangið vantaði. M telur lykilatriði í því hvernig fór að handfangið vantaði, hann telur að vinnuveitandinn eigi að bera halla af því sbr. dóm Hæstaréttar í máli 282/1991. Fram kemur og að M var ekki með öryggishlíf fyrir andliti, sem hefði getað komið í veg fyrir tjónið. Eina hlífin sem hann hafi verið með voru skíðagleraugu sem hann telur ófullnægjandi með tilliti til eðlis verksins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur að um óhappatilvik hafi verið að ræða og að slysið verði ekki rakið til mistaka starfsmanna/verkstjóra, vanbúnaðar slípiroksins eða annarra atvika sem vátryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á. Félagið vísar til þess m.a. að samkvæmt skýrslu lögreglu hafi M misst takið af slípirokknum, "líklega við það að skífan brotnaði". Skífan mun hafa verið ný og M nýbúinn að setja hana í rokkinn. Ekkert sé fram komið sem bendi til þess að skífan hafi verið gölluð. Ástæða þess að handfangið hafi verið tekið af slípirokknum sé sú að það hafi þótt nauðsynlegt svo unnt væri að komast að vatnsröri og loftræstistokki sem skera átti. Þetta sé algengt við þröngar aðstæður. Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á að slípirokkurinn sé á neinn hátt óöruggari án handfangsins, en ljóst sé að hafa verður gott tak á rokknum þegar unnið er með þeim hætti. Bent er á að öryggishlíf hafi verið yfir skífunni og því að mati félagsins ekki um að ræða að slípirokkurinn hafi verið

vanbúinn. Félagið bendir og á að M hafi verið með hlífðargleraugu er slysið gerðist og því ekki um að ræða ófullnægjandi persónuhlífar.

Álit.

Frásögn M verður lögð til grundvallar varðandi aðdraganda slyssins. Hann getur þess í tjónstilkynningu að hann hafi verið á vinnupalli við að skera loftræstistokka og vatnslagnir með slípirokk með skurðarskífu, skífan ”brotnar, festist og kastaðist snögg upp í andlit”. Takmörkuð rannsókn fór fram á tildrögum slyssins. Skífan sem notuð var virðist ekki hafa verið varðveitt. Slysið var ekki tilkynnt opinberum aðilum (Vinnueftirliti og lögreglu) fyrr en tæplega viku eftir að það varð. Engin rannsókn fór fram á skífunni. Vinnuveitandinn verður að bera hallann af þeim skorti sem er á upplýsingum um aðstæður á vettvangi þ. á m. hvers vegna skífan brotnaði. Slípirokknum virðist og hafa verið áfátt vegna þess að handfang vantaði á hann. M er ungur að árum (f. 1986) og með takmarkaða starfsreynslu.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og takmörkuðum upplýsingum máls þessa er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Fyrirliggjandi gögn gefa ekki tilefni til að skerða réttarstöðu M.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 29. nóvember 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.